

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Norðurbær, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 29. mars 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðurbæ.

Markmið með breytingunni er að nýr göngu- og hjólastígur verði lagður austan megin Herjólfsbrautar með tengingu að Heiðvangi. Stígurinn verði 2,5 metra breiður með bundnu slitlagi. Samhliða eru gerðar breytingar á mörkum skipulagsins og fylgja þau nú vestari kanti Herjólfsbrautar.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. nóvember 2023.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 14. nóvember 2023